

Samgöngu- og fjarskiptamál  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarpsdrög til laga um áhafnir skipa, mál nr. 51/2021**

Frumvarpið er tillaga að nýjum heildarlögum um áhafnir íslenskra skipa. Í umsögn um frumvarpið og í skjalinu „Áform um frumvarp til laga um áhafnir skipa“ sem birt var í samráðsgátt 21.8.2020 er ítrekað áréttað að markmið frumvarpsins sé að sameina lagabálka og einfalda löggjöfina. Taka má undir þörfina fyrir sameiningu lagabálkanna enda sýna hefðir að túlkun laganna sé ekki endilega skýr.

Kröfur um mönnun smábáta samkvæmt gildandi lögum eru miklar og íþyngjandi. Í frumvarpinu er bætt í þessar kröfur m.a. með því að fella burt undanþágur sem snúa að vélaverði þegar þjónustusamningur er í gildi sbr. 4 mgr. 12 gr. laga 30/2007.

Lög verða að vera praktísk, í takti við raunveruleikann og það verður að vera hægt að starfa eftir þeim.

Þær kröfur sem gerðar eru til mönnunar smáskipa og fjallað er um í 17. gr. frumvarpsins tel ég að séu íþyngjandi, kostnaðarsamar, vega að atvinnufrelsi, stangast á við ákvæði gildandi kjarasamninga sjómanna, takmarka nýliðun og muni að óbreyttu gera endanlega út af við útgerð smærri báta. Þær eru jafnframt mun meiri en gerðar eru t.d. í Noregi.

Ýmis tæknibúnaður sem orðinn er staðalbúnaður í flestum smábátum var ekki til staðar á árum áður s.s. radar, dýptarmælir, sjálfvirk brúarvöktun (vökustaur) og ýmis búnaður til að vakta vélarúm. Einnig er AIS búnaður um borð í öllum skipum. Allur þessi tæknibúnaður eykur öryggi, auðveldar störf skipstjórnarmanna/vélavarða og nýtist stofnunum við eftirlit með skipum. Þær breytingar sem orðið hafa með tilkomu þessarar tækni ættu frekar að gera löggjafanum kleift að slaka á kröfum um mönnun skipstjórnarmanna og vélavarða frekar en að auka þær enn frekar.

**Samhliða framþróun tækni væri rétt að létta á kröfum um fjölda skipstjórnarmanna og vélavarða smábáta og tryggja betur að farið sé eftir vinnu- og hvíldartíma skv. 64. gr. sjómannalaga frá 1985.**

## Samanburður á kröfur um réttindamenn á smábátum og stærri skipum

Að mörgu leiti eru gerðar sömu kröfur um mönnun smábáta (undir 15m) og stærri skipa. Meðal smærri báta má nefna handfærabáta, grásleppubáta, balabáta, beitningarvélabáta ofl.

Hér má sjá samanburð tveimur bátum og kröfum um lágmarks mönnun þeirra ef útvist/róður fer yfir 14 klst.

Rifsnes SH-44 skrn. 2847	Stella GK-23 skrn. 2669
<b>Lengd:</b> 43,2m	<b>Lengd:</b> 11,07m
<b>Brúttótonn:</b> 776,45 t	<b>Brúttótonn:</b> 11,87 t
<b>Afl vélar:</b>	<b>Afl vélar:</b> 302,4 KW
<b>Lágmarksmönnun</b> Skipstjóri Stýrimaður Vélstjóri Vélstjóri 2	<b>Lágmarksmönnun</b> Skipstjóri Stýrimaður Vélavörður* Vélavörður 2*

\* Skipstjóri og stýrimaður geta einnig sinnt stöðum vélavarða hafi þeir tilskilin réttindi til þess



Rifsnes SH-44



Stella GK 23

Stella GK er smábátur með tvær kojur, veiðarfærin eru 4 handfærarúllur alls 20 krókar og eru róðrar gjarnan lengri en 14 klst. Rifsnes SH er útilegulínuskip með 35-40.000 króka og 14 manns í áhöfn.

Samkvæmt frumvarpinu er gerð krafa um 4 áhafnarstöður réttindamanna á Stellu GK ef útvist fer yfir 14 klst. Fjöldi réttindamanna eru þær sömu í brú fyrir Stellu GK og Rifsnes SH sem er margfalt stærra skip.

Eins og blasir við í þessum samanburði eru þær kröfur sem gerðar eru um lágmarksfjölda réttindamanna á smábátum úr öllu hófi.

Eðlilegra væri að leyfa skipstjóra að ráða sínu róðrarlagi svo framarlega sem vinnu- og hvíldartími sjómanna sé virtur og gera einungis kröfu um skipstjórnar og vélavarðamenntun þar sem skipstjóri geti einnig sinnt stöðu vélavarðar.

Fella ætti burt viðbótarkröfur um mönnun sem snúa að 14 klst. útvist smábáta og miða einungis við vinnu- og hvíldartíma skv. 64 gr. sjómanna laga.

## Ómöguleiki við mönnun smábáta

Með því að fella burt undanþágu vegna vélavörðar skv. 4. mgr. 12. gr. laga 30/2007 fara kröfur um lágmarksmönnun réttindamanna á smábátum, þar sem útivist er umfram 14 klst., úr þremur í fjóra.

Skipstjóri, stýrimaður, vélavörður 1 og vélavörður 2.

Skipstjóri og stýrimaður geta þó sinnt stöðu vélavörða hafi þeir tilskilin réttindi.

Smábátar undir 15m sem lögin ná yfir eru misjafnir að stærð.

Smábátar aðrir en strandveiðibátar eru gjarnan í lengri en 14 tíma róðrum. Í flestum þessara báta eru einungis tvær kojur. Þessi stærð báta ber hreinlega ekki framangreindan fjölda áhafnarmeðlima nema það takist að manna bátinn með tveimur mönnum sem báðir hafa skipstjórnar og vélavörðaréttindi. Erfitt er að fá menn til starfa á þessum bátum sem hafa bæði skipstjórnar og vélavörðaréttindi.

Smábátar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þjálfun og nýliðun sjómanna.

Ef gerð er krafa um svo marga réttindamenn á smábátum er ekki hægt að gefa mönnum sem t.d. stunda nám við Stýrimannaskólann tækifæri til að safna tímum og reynslu á smærri bátum því alltaf þarf að fullmanna öll pláss með mönnum sem þegar hafa tilskilin réttindi. Krafan um svo marga réttindamenn á smábátum fækkar tækifærum reynsluminni sjómanna og takmarkar nýliðun í greininni.

Hér að neðan má sjá lágmarks mönnun í lögskráningarkerfi Samgöngustofu fyrir bátinn Stella GK:

**Samgöngustofa** 

**2669 - STELLA**  
Útgerð: Elvis ehf.  
Haffæri gildir til: 4.11.2020  
Áhafnatrygging - fjöldi: 1 ~ gildir til: 31.12.2021

**LÖGSKRÁNING**

- Lögskrá
- Lögskráningar
- Skipalisti
- Útskrá

**Lögskráningaraðilar athugið**  
Uppfærslum vegna breytinga á lögum nr. 166/2019 og nýrrar reglugerðar nr. 944/2020 er lokið.  
Nánari upplýsingar má finna hér: <https://www.samgongustofa.is/siglingar/skirteini-og-nam/skirteini/atvinnuskirteini/15-metra-rettindi/>


**Lögskrá**

Lágmarksmönnun skipsins (M=10,99 KW=302,4)

Réttindi	Staða	Lögskrá
SS	Skipstjóri	
SS *	Stýrimaður	+
SSV	Smáskípavélavörður	+
SSV *	Smáskípavélavörður	+

\* Manna þarf þessa stöðu og lögskrá ef útivist skipsins fer yfir 14 klst., sbr. ákvæði sjómanna laga.

**Lögskrá**

Dags.Lögs.:  

Kennitala:  

Staða:  

**Lögskráðir - 1**

#	Kennitala	Nafn	Staða	Lögskrd.	Staða frá	Afskrá	Breyta
1	0401645299	Stefán Þór Kristjánsson	Skipstjóri	14.07.2020	14.07.2020		

Samgöngustofa - Ármúla 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 0000 - Afgreiðslutími: 09:00-18:00 - [samgongustofa.is](http://samgongustofa.is)

Að öllu framangreindu vertu tel ég að 17. gr. frumvarpsins þarfnist gagnerrar endurskoðunar þar sem kröfur um mönnun smábáta verði með þeim hætti að forsendur séu til útgerðar þeirra. Létta ætti á kröfum um fjölda réttindamanna á smábátum samhliða þeirri tækniþróun sem orðið hefur og bætir öryggi og eftirlit.

Er ekki nóg komið af skrifræði og eftirliti? Hvar er rómantíkin sem einkenndi smábátaútgerðina og hvar er sjálfstæði einstaklingsins frelsið og víðátta hafsins. Nei nú skal reitt til höggs og trillukarlar liggja best við höggi þessi óbermi sem voga sér að vera of lengi á sjó. Og viðurlögin eru ekki af verri endanum ef manni skyldi verða á að brjóta þessi ólög, stjórnvaldssektir og eða fangelsi allt að tveim árum.

Virðingarfyllt

Stefán Kristjánsson, útgerðarmaður og skipstjóri á Stellu GK